


Fjallabyggð



Fræðslustefna Fjallabyggðar

Kraftur – Sköpun – Lífsgleði

Kraftur – Sköpun – Lífsgleði

Formáli

Í febrúar 2016 var ákveðið af fræðslu- og frístundanefnd að setja á laggirnar vinnuhóp til að koma að endurkoðun á Fræðslustefnu Fjallabyggðar sem samþykkt var af þáverandi bæjarstjórn árið 2009. Í vinnuhópnum hafa verið; Jónína Magnúsdóttir skólastjóri Grunnskóla Fjallabyggðar, Olga Gísladóttir skólastjóri Leikskóla Fjallabyggðar, Magnús Ólafsson skólastjóri Tónlistarskólans á Tröllaskaga, Lára Stefánsdóttir skólameistari Menntaskólans á Tröllaskaga, Kristín Brynhildur Davíðsdóttir kennari við Grunnskóla Fjallabyggðar, Vibekka Arnardóttir leikskólakennari og Sæbjörg Ágústsdóttir formaður fræðslu- og frístundanefndar. Starfsmaður vinnuhópsins var Kristinn J. Reimarsson deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála. Vinnuhópurinn hefur haldið fundi auk þess sem samvinna hefur farið fram á netinu. Haft var opið samráð við íbúa í gegnum samfélagsmiðlinn Facebook þar sem settar voru fram spurningar og vangaveltur um skólamál í Fjallabyggð. Síðan var með mikinn lestur og athugasemdir við innleggin.

Fræðslustefnunni er ætlað að taka til allra þátta í uppeldis- og skólastarfi sveitarfélagsins. Stefnan tekur mið af markmiðum sem eru sett fram í aðalnámskám allra skólastiga ásamt ytra mati á Grunnskóla Fjallabyggðar frá upphafi árs 2016. Markmiðið er að skapa framtíðarsýn í málaflokknum og vera málefnalegur grundvöllur að ákvörðunartöku um skólastarf í sveitarfélaginu.

Fjallabyggð býr við þá sérstöðu að þar eru starfandi leik-, grunn- og framhaldsskóli ásamt tónskóla. Í því felast tækifæri til að auka menntunarstig samfélagsins og jafnframt sem leið í að tryggja íbúum farsæla búsetu þar sem leiðarljós nýrrar fræðslustefnu eru **kraftur, sköpun og lífsgleði**.

Kraftur – Sköpun – Lífsgleði

Leiðarljós /gildi

- **Kraftur:** Með skírskotun í þann kraft sem býr í náttúrunni og þann kraft sem er einkennandi fyrir mannauðinn í Fjallabyggð sem með miklum dugnaði og atorku getur náð góðum árangri á öllum skólastigum. Kraftur er hreyfiafl og með samstilltu átaki samfélagsins er hægt að gera gott skólastarf betra.
- **Sköpun:** Blómlegt atvinnu- og skólalíf í Fjallabyggð byggir á skapandi starfi og hugsun. Sköpun byggir á gagnrýnni hugsun, innsæi auk samvinnu og samþættingar. Leggja þarf áherslu á þetta á milli námssviða, aldurshópa, skólastiga, stofnana og atvinnulífs. Leggja skal áherslu á að virkja ímyndunarafli, frumkvæði og hæfileika, horfa til framtíðar, virkja sköpunarkraft og sköpunargleði.
- **Lífsgleði:** Að hafa ánægju að því sem verið er að gera eykur líkurnar á því að vel takist til. Því er mikilvægt að ýta undir sköpunargleði nemenda og kraft þannig að þau öðlist trú á því sem þau taka sér fyrir hendur. Jafn mikilvægt er að styðja vel við bakið á kennurum og öðru starfsfólki til að öflug framþróun eigi sér stað.

Kraftur – Sköpun – Lífsgleði

Framtíðarsýn

Skólastarf í Fjallabyggð:

- sé kraftmikið, metnaðarfullt og framsækið
- sé í skapandi tengslum við atvinnulíf, náttúru og menningu svæðisins.
- sé fjölbreytt, efli lífsgleði, áhuga á námi og þekkingu.
- taki mið að þörfum, hæfileikum og getu hvers og eins
- stuðli að þroska nemenda, árangri og vellíðan og efli víðsýni og umburðarlyndi.
- byggist á kraftmiklum skapandi starfsmönnum
- búi við hvetjandi starfsumhverfi þar sem aðbúnaður sé ávallt til fyrirmyndar og standist kröfur nútímatækni og kennsluhátta
- hafi aðgang að öflugri sérfræðiþjónustu í sínu nánasta umhverfi
- einkennist að skapandi samstarfi á milli foreldra, starfsmanna og nemenda.

Markmið:

- 95% leikskólabarna hafi náð góðri eða meðalgóðri færni á hljómprófi (athugun á hljóðkerfis- og málvitund) við lok leikskólagöngu
- 90% grunnskólanema get lesið sér til gagns
- 60% nemenda ljúki námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma
- Að fjölga nemendum í tónlistarnámi um 25%
- Að bæta námsaðstæður nemenda þannig að Grunnskóli Fjallabyggðar bjóði nemendum jöfn námstækifæri svo þeir nái sem bestum árangri miðað við eigin forsendur
- Kraftmikið samstarf á milli skóla og skólastiga
- Kraftmikið samstarf heimili og skóla

Kraftur – Sköpun – Lífsgleði

Leiðir að markmiðum

Til að ná fram þeim markmiðum sem hér eru sett fram er mikilvægt að leiðirnar séu skýrar og því markviss aðgerðaráætlun sett fram.

Leikskóli:

- Unnið skal markvisst að því að auka hlutfall menntaðra leikskólakennara. Hvetja skal leiðbeinendur til frekara náms og styðja við bakið á þeim.
- Unnið skal markvisst eftir læsistefnu skólans
- Unnið skal markvisst með snemmtæka íhlutun þar sem lögð er áhersla á að greina frávik í málþroska og þáttum sem gætu haft áhrif á eðilega námsframvindu nemenda.
- Lögð skal áhersla á leikinn sem leið til náms og tjáningar.

Grunnskóli:

- Unnið skal markvisst eftir læsistefnu skólans
- Markvisst skal unnið með stöðluð skimunarpróf og niðurstöður þeirra nýttar til að gera starfið markvissara.
- 1. – 5./6. bekk verði kennt á Siglufirði og 6./7. – 10. bekk kennt í Ólafsfirði.
- Markvisst skal unnið að því að efla samstarf á milli skólastiga.
- Markvisst skal unnið að því að bæta samstarf á milli heimili og skóla og gera foreldra meðvitaða um að ábyrgð á menntun barna þeirra er samstarfsverkefni heimili og skóla.
- Efla markvisst skuldbindingu nemenda fyrir námi sínu, skuldbindingu foreldra gagnvart námi nemenda og skuldbindingu samfélagsins gagnvart menntun barna og ungmenna.
- Lögð skal áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og fjölbreytt námsumhverfi.

Kraftur – Sköpun – Lífsgleði

Tónskóli:

- Markvisst skal unnið að því að auka samstarf við öll skólastig til að tryggja að allir nemendur fái aukna tónlistarkennslu
- Einnig skal markvisst unnið að því að auka samstarf við annað tómtundaframboð barna og ungmenna þannig að tónlistarnám geti verið hluti af samfelldum skóladegi.

Menntaskólinn á Tröllaskaga:

- Markvisst skal unnið að því að efla samstarf á milli Menntaskólans á Tröllaskaga og efstu bekkja grunnskólans. Með því að færa unglingastigið yfir í Ólafsfjörð gefst aukið tækifæri fyrir nemendur til að taka framhaldsskólaáfangu og gera samfellu skólastiga nemendum auðveldari.
- Markvisst skal unnið í því að nýta þá sérþekkingu sem Menntaskólinn á Tröllaskaga hefur skapað sér meðal annars í kennsluháttum, skipulagi skólustarfs og beitingu upplýsingatækni og yfirfæra yfir á önnur skólastig.

Skólaskrifstofa/yfirstjórn:

- Markvisst skal unnið að því að efla stuðning skólaskrifstofu við leik-, grunn- og tónskóla.
- Skoðað skal hvort ekki sé hægt að efla skólaskrifstofu með auknu samstarfi við skólaskrifstofu Dalvíkurbyggðar þannig að hægt sé að bjóða upp á aukna sérfræðiþjónustu í nærumhverfinu með því að ráða t.d.
 - Leikskólaráðgjafa
 - Kennsluráðgjafa
 - Talmeinafræðing
 - Sálfræðing
- Skoða hvort samstarf við Menntaskólann á Tröllaskaga sé eftirsóknarvert í stoðþjónustu.

Kraftur – Sköpun – Lífsgleði

Viðauki

Rökstuðningur með tillögu um breytt fyrirkomulag á kennslu milli byggðarkjarna.

Ein af þeim tillögum sem hér eru lagðar fram er breyting á fyrirkomulagi kennslu á milli byggðarkjarna. Eftirfarandi þættir liggja til grundvallar þeirri tillögu:

Kostir þess að kenna 1. - 5./6. bekk á Siglufirði:

- Kennsla í árgangaskiptum bekkjardeildum veitir nemendum sömu náms- og félagsleg tækifæri óháð búsetu.
- Nemendur kynnast verðandi bekkjarfélögum í 1. bekk og félagsleg tengsl og tækifæri verða til frá upphafi skólagöngu. Við núverandi fyrirkomulag verður uppstokkun í félagslegum tengslum í 5. bekk þegar nemendur úr báðum byggðarkjörnum sameinast í einn bekk, oft með erfiðum félagslegum afleiðingum fyrir nemendur.
- Fagleg þekking og sérþekking kennara nýtist betur þar sem yngsta stig er á sömu starfsstöð, faglegt samstarf auðveldara og skilvirkara.
- Kennslugögn og búnaður sem tilheyrir kennslu á yngsta stigi nýtist öllum á einum stað.
- Íþróttasalur innanhúss í skólahúsi við Norðurgötu, hentar vel til íþróttakennslu yngri barna.
- Innisundlaug á Siglufirði hentar vel til byrjendakennslu í sundi.
- Skólalóð við Norðurgötu hentug fyrir yngri börn.
- Rekstarlegt hagræði er fengið með lengdri viðveru eða skólavistun á einum stað.

Kraftur – Sköpun – Lífsgleði

Kostir þess að kenna 6. - 10. bekk Ólafsfirði:

- Nálægð við Menntaskólann á Tröllaskaga skapar möguleika á náinni samvinnu og samþættingu skólastiga.
- Möguleiki Grunnskóla Fjallabyggðar og Menntaskólans á Tröllaskaga á að samnýta kennara sem og sérfræðinga í stoðþjónstu er raunhæfur. (Sálfræðiþjónusta, náms- og starfsráðgjöf, kennsluráðgjöf, læsisráðgjöf, stuðningur við fatlaða og fleira).
- Möguleiki er að samnýta sérfræðiþjónustu, t.d. náms- og starfsráðgjafa og /eða sálfræðing.

Einnig er nauðsynlegt að horfa á þessa tillögu í víðara samhengi og út frá heildstæðum skóladegi þar sem með þessari tillögu ætti að vera möguleiki að auka samstarf á milli lengdrar viðveru og tómsundaframboðs (Íþróttir – tónlistarnám ofl.) yngstu nemenda þannig að þegar skóladegi lýkur kl. 16:00 ættu börnin að geta verið búinn með skóla og tómsundir og því átt fleiri samverustundir með fjölskyldunni. Þessu tengt er einnig lagt til að tekið verði til skoðunar að ráðinn verði sérstakur tómsundaráðgjafi sem sinnir lengdri viðveru og því starfi sem fer fram í félagsmiðstöðinni NEON. Með því móti er hægt að efla faglegra starf og jafnvel koma á meira hópastarfi fyrir allan aldur. Samfella verður í tónlistarnámi þar sem nemendur eru einungis einu sinni að skipta um starfsstöð í stað tvisvar sem hefur reynst auka brotthvarf frá tónlistarnámi.

Með þessu er hægt að gera samfélagið í Fjallabyggð fjölskylduvænna.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar 18. maí 2017

Vinnuhópur um endurskoðun á fræðslustefnu

Jónína Magnúsdóttir skólastjóri Grunnskóla Fjallabyggðar

Olga Gísladóttir skólastjóri Leikskóla Fjallabyggðar

Lára Stefánsdóttir skólameistari MTR

Magnús H. Ólafsson skólastjóri Tónlistarskólans á Tröllaskaga

Vibekka Arnardóttir fulltrúi starfsmanna leikskóla

Kristín B. Davíðsdóttir fulltrúi starfsmanna grunnskóla

Sæbjörg Ágústsdóttir fulltrúi fræðslu- og frístundanefndar

Kristinn J. Reimarsson deildarstjóri